



Leikskólinn Tröllaborg



# Samstarf leikskólans Tröllaborgar og Grunnskólans austan Vatna 2023 – 2024

## **Íþróttir**

Skólahópur fer með yngstu deild grunnskólans í íþróttatíma einu sinni í viku, klukkutíma í senn. Á Hofsósi á föstudögum kl. 11:25 – 12:25 og á Hólum á mánudögum kl. 9:30 – 10:15.

## **Útikennsla**

Einu sinni í viku er sameiginlegur útikennslutími leikskólabarna og grunnskólanemenda. Á Hofsósi á miðvikudögum kl. 10:10 - 11:10 og á Hólum á þriðjudögum kl. 9:35 – 11:45.

## **Gönguferð**

Skólahópur leikskólans fer með yngsta stigi grunnskólans í gönguferð að hausti.

## **Sögustund**

Skólahópur leikskólans kemur í grunnskólann einu sinni í viku og er með nemendum yngri deildar í sögustund. Á Hólum verður sögustund á miðvikudögum kl. 8:00 – 8:20 og á Hofsósi á mánudögum kl. 12:55 – 13:15.

## **Lestur í leikskóla**

Nemendur af miðstigi fara vikulega í leikskólann og lesa fyrir leikskólabörnin. Á Hofsósi á föstudögum kl. 09:10 og á Hólum verður staðan skoðuð um áramót.

## **Leikskólaval**

Nemendur á unglíngastigi geta valið að fara yfir á leikskólann í valgrein, mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga.

## **Danssýning**

Í lok danskennslu er haldin danssýning þar sem nemendur leik- og grunnskóla sýna dansa fyrir foreldra og aðra gesti í Höfðaborg. Danssýningin verður á síðasta degi dansviklu á vorönn fimmtudaginn 25. janúar. Athuga hvort það getur líka verið lítil sýning í leikskólanum á Hólum á miðvikudeginum.

## **Öskudagur**

Á öskudaginn tekur skólahópur þátt í dagskrá grunnskólans.

## **General prufa**

Eldri nemendur leikskólans koma sem áhorfendur á generalprufur bæði á Hólum og Hofsósi ef general prufur verða haldnar. Árshátíð yngri nemenda á Hofsósi verður 9. nóvember, á Hólum 14. mars og árshátíð unglíngastígs verður 8. mars. Nemendur Tröllaborgar taka þátt í haustskemmtun á Hólum 16. nóvember.

## **Skólaheimsóknir**

Skólahópur verður í eina viku með yngsta stigi og tekur þátt í almennu skólastarfi. Stefnt er á vikuna 15. – 19. apríl 2024.

## **Skógardagur**

Mánudaginn 27. maí 2024 er sameiginlegur skógardagur á Hólum, skólahópur tekur þátt í honum.

## **Útskrift og skólaslit**

Útskrift elsta árgangs leikskólans fer fram á skólaslitum grunnskólans þann 31. maí 2024. Umsjónarkennari yngstu nemenda grunnskólans tekur formlega við nýjum nemendum og býður þá velkomna.

Stefnt er að skilafundi vegna yfirfærslu milli leikskóla og grunnskóla

Á Hólum: þriðjudaginn 20. ágúst kl. 9:00

Á Hofsósi: þriðjudaginn 20. ágúst kl. 9:00